



REGLUGERÐ ÍSÍ UM GREIÐSLU BÓTA VEGNA ÍPRÓTTASLYSA

1. grein

Slysatrygging íþróttafólks ÍSÍ tekur til slysa, sem verða við íþróttaiðkanir þeirra, sem orðnir eru 16 ára og eru sannanlega félagar í viðurkenndum íþrótt- og ungmennafélögum og sem ekki njóta bóta, skv. 3. mgr. 24.gr. almannatryggingalaga. Þó eiga þeir íþróttaiðkendur rétt á bótum sem eru yngri en 16 ára og hafa keppt í efsta aldursflokki sinnar íþróttagreinar.

Þeir íþróttaiðkendur, sem hafa atvinnu af íþróttaiðkun sinni sbr. reglugerð heilbrigðis- og tryggingaráðuneytis dags. 22. mars 2002, fá ekki bætur skv. reglugerð þessari, enda eru þeim tryggðar bætur hjá TR.

Þeir íþróttaiðkendur, sem eru óvinnufærir í 10 daga eða meira fá ekki bætur skv. reglugerð þessari, enda eru þeim tryggðar bætur hjá TR sbr. reglugerð heilbrigðis- og tryggingaráðuneytis dags. 22. mars 2002.

2. grein

Með íþróttaiðkun er átt við keppni á vegum íþróttafélaga skv. 1. gr. svo og skipulagðar íþróttæfingar sem haldnar eru á vegum þessara aðila, undir stjórn þjálfara með það að markmiði að taka þátt í keppni. ÍSÍ áskilur sér rétt til að hafna erindum, vegna íþróttaslysa, sem eiga sér stað í æfingum og keppni sem eru fyrir 30 ára og eldri.

3. grein

Slys sem verða á ferðum til eða frá æfingum eða keppni falla ekki undir slysatryggingar íþróttafólks skv. reglugerð þessari. Það sama gildir um slys í búningsherbergjum og baðklefum og slys á keppnisferðalögum, innanlands sem utanlands, nema þau sem verða við æfingar eða keppni, sbr. 2. gr. ÍSÍ endurgreiðir ekki kostnað vegna kaupa á lyfjum, tannviðgerðir, sjúkraflutningakostnað, stoðtæki og kostnað vegna sjúkrabjálfunarbeiðni.

4. grein

Tilkynningu um íþróttaslys skal senda skrifstofu ÍSÍ á eyðublaði sem liggur frammi á skrifstofu ÍSÍ og einnig má ná í á heimasíðu ÍSÍ, www.isi.is. Skal tilkynningin vera undirrituð af hinum slasaða og þjálfara hans og stimpluð af íþróttafélaginu. Einnig skal fylgja beiðni læknis um sjúkrabjálfun ef óskað er eftir endurgreiðslu vegna sjúkrabjálfunar.

5. grein

Bætur slysatrygginga ÍSÍ nema allt að 80% af kostnaðarhluta sjúklings vegna sjúkrabjálfunar og beinnar lækni meðferðar, skv. opinberum taxta TR. Ef hinn slasaði þarfnast meðhöndlunar hjá sjúkrabjálfa oftast en tuttuguogfimm sinnum, áskilur ÍSÍ sér rétt til að krefjast nýrra gagna og upplýsinga um sjúkraferlið og meta hverju sinni, hvort bætur skulu áfram greiddar.

6. grein

Ef vafi leikur á um rétt íþróttaiðkanda til bóta, skv. reglugerð þessari, hvílir sönnunarbyrðin á viðkomandi íþróttafélagi. Ef í ljós kemur að bótaréttur er misnotaður, hefur ÍSÍ endurkröfurétt á greiddum bótum og getur jafnframt sett viðurlög á viðkomandi aðila um niðurfellingu bóta til lengri eða skemmri tíma.

7. grein

Reglugerð þessi er sett og gildir með vísan til þess, að ríkisvaldið leggur fram styrk vegna íþróttaslysa og takmarkast greiðslugeta ÍSÍ af þeirri upphæð á hverju almanaksári. Ef styrktarféð er uppuríð, falla



allar slysabætur niður, það sem eftir er þess almanaksárs eða frestast til næsta árs skv. ákvörðun framkvæmdastjórnar ÍSí. Ef afgangur verður af þeirri upphæð sem ÍSí fær í styrk frá heilbrigðisráðuneytinu, sbr. samkomulag dags. 26. apríl 2002, gengur hann áfram til ráðstöfunar á næsta ári.

8. grein

Umsjón með greiðslu bóta skv. reglugerð þessari er í höndum skrifstofu ÍSí í umboði framkvæmdastjórnar ÍSí.

9. grein

Hverju íþrótta- og ungmennafélagi skal gerð grein fyrir réttindum og skyldum, sbr. þessi reglugerð og er viðkomandi gert að skrifa undir og samþykkja þau skilyrði og forsendur, sem slysabæturnar eru háðar þegar sótt er um bætur skv. þessari reglugerð.

Reglugerð þessi tekur gildi frá og með 1. apríl 2002 og nær yfir þau slys, sem eiga sér stað frá þeim tíma.

Reglugerð samþykkt á fundi framkvæmdastjórnar ÍSí 30. apríl 2003.